

## Erasmus Youth Quality Standards Gæðaviðmið æskulýðsverkefna Erasmus+

Samtök og stofnanir sem taka þátt í Erasmus+ æskulýðsverkefnum þurfa að fylgja ákveðnum gæðaviðmiðum. Þessi viðmið eru til að tryggja að styrkþegar sem fá úthlutað úr áætluninni stuðli að markmiðum hennar með þátttöku sinni.

### I. FORGANGUR Í STEFNUMÁLUM Á ÆSKULÝÐSVETTvangi

Styrkþegar eiga að leggja sitt af mörkum til að ná heildarmarkmiðum æskulýðsáætlunar Evrópusambandsins<sup>1</sup> (EU Youth Strategy) og evrópsku æskulýðsmarkmiðanna (e. European Youth Goals) sem þróuð voru innan þessa ramma. Styrkþegar ættu beita þeim leiðbeiningum sem mælt er fyrir um í æskulýðsáætlun ESB.

### II. GRUNNREGLUR ERASMUS ÁÆTLUNARINNAR

Inngilding og fjölbreytileiki: Styrkþegar verða að virða meginregluna um inngilding og fjölbreytni í öllum þáttum starfsemi þeirra. Styrkþegar ættu, þegar hægt er, að opna starfsemi sína fyrir þátttakendum með mismunandi bakgrunn og fjölbreytta færni, hvetja til virkrar þátttöku og styðja við þátttöku einstaklinga sem búa við færri tækifæri.

Umhverfisleg sjálfbærni og ábyrgð: Styrkþegar verða að leggja sig fram um að skipuleggja framkvæmd verkefna á vistvænan hátt og efla umhverfislega sjálfbæra og ábyrga hegðun meðal þátttakenda.

Stafræn samvinna, nám og þjálfun á netinu og blönduð verkefni: Styrkþegar ættu að samþætta notkun stafrænna verkfæra og námsaðferða til að bæta við ungmennaskipti eða til að bæta samstarfið við samstarfsaðila.

Virk þátttaka í neti Erasmus+-stofnana: Styrkþegar ættu að leitast við að gerast virkir þátttakendur Erasmus+ tengslanetsins með því að taka þátt í starfsemi á vegum landsskrifstofu eða annarra stofnana. Reyndir Erasmus+ styrkþegar ættu að deila þekkingu sinni með samtökum sem hafa enga eða litla reynslu af áætluninni, veita þeim ráð, leiðsögn eða annan stuðning. Styrkþegar ættu einnig að hvetja þátttakendur sína til að taka þátt í uppbyggingu á Erasmus+ samfélagi.

### III. GÆÐASTJÓRNUN

Ábyrgð: Styrkþegar bera ábyrgð á árangri og gæðum framkvæmdarinnar, óháð þátttöku annarra stofnana eða einstaklinga. Á meðan framkvæmd Erasmus+ verkefna stendur verða styrkþegar að taka ábyrgð á lykilákvörðunum um alla þætti sem hafa bein áhrif á niðurstöður verkefnisins, sérstaklega í tengslum við þessi gæðaviðmið. Grunnþættir eru góð fjármálaumsýsla styrksins, samskipti við landsskrifstofu, milli- og lokaskýrslugerð um

---

<sup>1</sup> Eins og það kemur fyrir í Council Resolution on The European Union Youth Strategy 2019-2027, OJEU C456 of 18. desember 2018

framkvæmd verkefnisins, sem og allar ákvarðanir sem hafa bein áhrif á innihald, gæði og árangur framkvæmdarinnar.

□ Gagnsæi: Styrkþegar geta fengið ráðgjöf, aðstoð eða þjónustu frá öðrum stofnunum eða einstaklingum, svo framarlega sem styrkþegar hafi stjórn á innihaldi, gæðum og árangri verkefnisins. Ef styrkþegar nota fjármagn úr áætluninni til að greiða fyrir slíka þjónustu, þá skal skilgreina réttindi og skyldur beggja aðila og hafa það aðgengilegt til skoðunar fyrir landskrifstofu (sér í lagi; verkþætti sem á að framkvæma, gæðæftirlit auk afleiðinga, ef um er að ræða lélega eða misheppnaða þjónustu frá þjónustuveitanda).

□ Samstarf: Þó að heildarábyrgð á framkvæmdinni liggi innan styrkþegasamtakanna ætti að skipuleggja, framkvæma og meta starfsemi ásamt öllum samstarfsstofnunum sem taka þátt. Skýr skilgreining á hlutverkum og skiptingu verkefna ætti að vera sett upp og samþykkt.

□ Framlög greidd af þátttakendum: sem samfjármögnun geta styrkþegar beðið þátttakendur í verkefninu um framlög til að greiða fyrir vörur og þjónustu sem nauðsynlegar eru fyrir framkvæmd verkefnisins. Stærð framlaga þátttakenda verður að vera í réttu hlutfalli við styrkinn sem veittur er, að vera vel rökstudd, innheimt án hagnaðarsjónarmiða og má ekki skapa ósanngjarnar hindranir á þátttöku (sérstaklega varðandi þátttakendur með færri tækifæri). Viðbótargjöld eða önnur framlög þátttakenda geta ekki verið innheimt af öðrum þjónustuaðilum sem styrkþegasamtökin velja.

□ Eftirlit og mat: Stofnanir/samtök sem hljóta styrk ættu að setja upp fullnægjandi áætlanir og verklagsreglur til að fylgjast með og meta starfsemina, til að gera þeim kleift að meta hvernig þeim gengur að ná markmiðum sínum og hvort þau hafi náð þeim. Niðurstöður eftirlits og mats ættu að leiða til umbóta í áframhaldandi framkvæmd eða framtíðarstarfsemi.

□ Að byggja upp getu og samþætta niðurstöður starfseminnar í stofnuninni: Stofnanir sem hljóta styrk ættu að gera ráðstafanir til að nota niðurstöður styrktra verkefna í starfsemi sinni, til að byggja upp getu sína og færni starfsmanna sinna.

#### IV. MAT Á GÆÐI NÁMS OG UPPLIFUNAR

Í þessum hluta eru lágmarksviðmið sem ætti að fylgja. Frekari leiðbeiningar og verkfæri eru í boði til að styðja við framkvæmd á gæðaverkefnum, svo sem gæðaviðmiðum fyrir námsferðir<sup>2</sup> (Quality Framework for Learning Mobility).

□ Hagkvæmt fyrirkomulag: Styrkþegar verða að tryggja gæði framkvæmdar (ferðalög, gistingu, tryggingar, öryggi, vegabréfsáritunarumsóknir o.s.frv.). Ef framkvæmd skipulagningar er framseld til þátttakenda eða annarra samstarfsaðila verkefnisins, munu styrkþegar vera endanlega ábyrgir fyrir gæðum og skipulaginu.

□ Heilsa, öryggi og virðing gildandi reglna: Öll starfsemi verður að vera skipulögð með háum gæðakröfum um öryggi og vernd fyrir þátttakendur sem taka þátt og verður að virða allar

---

<sup>2</sup> <https://pjp-eu.coe.int/documents/42128013/47262025/Charter-Quality-Learning-Mobility-Youth-Field.pdf/8ea01d93-11ff-d22e-a9bcc8431a523778>

gildandi reglur (til dæmis varðandi samþykki foreldra o.s.frv.). Styrkþegasamtökin verða að tryggja að þátttakendur þeirra hafi viðeigandi tryggingarvernd, eins og þær eru skilgreindar í almennum reglum

Dagskrá og viðeigandi reglugerð.

Val á þátttakendum: Þátttakendur verða að vera valdir með gagnsæju, sanngjörnu og inngildandi valferli.

Undirbúningur og stuðningur þátttakenda: Þátttakendur verða að fá viðeigandi undirbúning með tilliti til hagnýtra þátta, menningarlegs undirbúnings og annarra öryggisþátta. Þeir ættu að vera fullkomlega meðvitaðir um til hvers er ætlast af þeim fyrir, á meðan og eftir framkvæmdina. Fullnægjandi leiðbeiningar, eftirlit og stuðningur þarf að vera til staðar á öllum stigum framkvæmdar.

Stuðningur við þátttakendur með færri tækifæri: Stofnanir sem hljóta styrk verða að tryggja sanngjörn og jöfn skilyrði fyrir alla þátttakendur, þar með talið að veita þeim stuðning sem þarf til að setja þá sem standa frammi fyrir hindrunum (andlegar, líkamlegar eða félagslegar) til jafns við aðra.

Þátttaka: þátttakendur ættu - eftir því sem hægt er - að taka virkan þátt á öllum stigum verkefnisins, hafa áhrif á ákvarðanir um verkefnið og fá fullnægjandi stuðning til þess.

Þátttökuaðferðir: Framkvæmd ætti að byggja á viðurkenndum aðferðum og bjóða upp á rými fyrir samskipti þátttakenda, miðlun hugmynda, forðast óvirka hlustun og leyfa þeim að leggja sitt af mörkum til verkefnisins með eigin þekkingu og færni, snúa við hefðbundnum hlutverkum utanaðkomandi "sérfræðinga" .

Tungumálastuðningur: Stofnanir sem njóta styrks verða að tryggja viðeigandi tungumálalálfun, aðlagaða þörfum þátttakenda. Þar sem við á, ætti styrkþegi að nýta sér þau verkfæri og fjármögnun sem áætlunin veitir í þessu skyni.

Skilgreining og eftirlit með hæfniviðmiðum: Væntanleg hæfniviðmið verða að vera skýrt skilgreind fyrir hvern þátttakanda eða hóp þátttakenda áður en verkefnið hefst. Þar sem við á ættu þátttakendur að taka þátt í námsmati. Fylgjast skal með framförum í ferlinu og veita þátttakendum fullnægjandi stuðning í þessu sambandi.

Greining og viðurkenning á námsárangri: Óformlegur námsárangur sem þátttakendur í framkvæmdinni öðlast ættu að vera auðkenndir og skjalfestir, einkum með viðurkenningum eins og Youthpass. Youthpass er tæki til að styðja við staðfestingu á óformlegum námsárangri. Það er hluti af stefnu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins að stuðla að viðurkenningu á óformlegu námi. <https://www.youthpass.eu/en/>

## V. MIÐLUN NIÐURSTAÐNA OG ÞEKKINGU UM ÁÆTLUNINA

- Að deila niðurstöðum innan stofnunar/samtaka: Styrkþegar ættu að gera þátttöku sína í Erasmus+ áætluninni sýnilega innan stofnunarinnar/samtakanna og skapa tækifæri fyrir þátttakendur til að deila reynslu sinni af þátttöku með jafnöldrum sínum.
- Að deila niðurstöðum með öðrum samtökum og almenningi: Styrkþegar ættu að deila niðurstöðum starfsemi sinnar með öðrum samtökum og almenningi.
- Viðurkenning á fjármögnun Evrópusambandsins: Styrkþegar skulu gera grein fyrir þátttöku sinni í Erasmus+ áætluninni í nærsamfélagi sínu og gagnvart almenningi. Styrkþegasamtök verða einnig að upplýsa alla þátttakendur um uppruna styrksins.